

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1997

Nr. 300

580

21. maí 1997

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 180/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur	22.05.-30.06.97	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. maí 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 301

14. maí 1997

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 107/1997, um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns tollafgreiðslutíma eða utan aðaltollhafna og vegna sérstakrar tollmeðferðar vöru.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem verður 2. másl. og orðast svo: Ef nægilegt er að mati tollstjóra að einn tollvörður annist tollafgreiðslu vegna skipa eða flugvéla sem flytja farþega eða varning í atvinnuskyni skal tollafgreiðslugjald þó vera 2.000 kr.

Gutenberg